

Sp.

151. Tillaga til þingsályktunar

[112. mál]

um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna í samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson, Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á greiðslugetu og afkomu aðalatvinnuvega þjóðarinnar með það fyrir augum að fá úr því skorið, hversu hár rekstrarkostnaður atvinnutækjanna megi vera til þess, að þeim verði haldið í gangi sem lengstan hluta hvers árs og þeir veiti sem varanlegasta atvinnu.

Skal ríkisstjórnin leita aðstoðar og samvinnu við samtök launþega og atvinnurekenda um framkvæmd þessarar rannsóknar, er skal lokið fyrir 1. nóvember árið 1953.

Greinargerð.

Það er tilgangur þeirrar rannsóknar, er hér er lagt til, að fram skuli fara, að komast að niðurstöðu um það, á hvern hátt megi tryggja atvinnu í landinu, þannig að slíkt samrýmist jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Til þess að svo megi verða, má rekstrarkostaður fyrirtækjanna ekki verða svo hár, að taprekstur hljóti af, því að af taprekstri leiðir glundroða í fjármálalífínu, rýrnun framleiðsluafkasta og lífskjara almennings. Rannsókninni er ætlað að sýna, hvern rekstrarkostnað hinar ýmsu greinar atvinnulífsins geta borið. Ef niðurstöðurnar sýna, að rekstrarkostnaður í sumum atvinnugreinum sé svo hár, að taprekstur sé óhjákvæmilegur, er eðlilegt, að látin sé fara fram framhaldsrannsókn á því, með hverju móti taprekstri verði forðað, hvort unnt sé að lækka einhverja kostnaðarliði eða hverjar ráðstafanir aðrar séu tiltækilegar, til þess að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Ef rannsóknin á hinn bóginn sýnir, að um verulegan ágóða sé að ræða í atvinnugreininni, mundi eðlilegt, að hlutdeild vinnunnar í arði fyrirtækisins yrði aukin með kauphækkunum eða á annan hátt.

Það hefur orðið til þess að auka mjög á tortryggni í samskiptum atvinnurekenda og launþega, að allt hefur verið á huldu um, hvernig afkoma atvinnuveganna væri. Niðurstöður slíkrar rannsóknar sem þessarar ættu, er þær liggja fyrir, að geta haft nokkur áhrif í þá átt að eyða slíkri tortryggni og stuðlað þannig að betri vinnufriði í landinu.

Það ætti ekki að vera ágreiningsmál, að megináherzlu beri að leggja á það í efnahagsmálum þjóðarinnar, að atvinna megi vera næg og jöfn sem lengstan tína af árinu. Slíkt verður þó ekki tryggt til lengdar, nema séð sé fyrir því, að ekki sé taprekstur í hinum mikilvægustu atvinnugreinum. Hafa ýmsar tillögur komið fram um það hér á landi og erlendis að finna einhvern grundvöll fyrir vísitölu, er sýndi afkomu þjóðarbúsins og atvinnuveganna, og yrði kaupgjald m. a. miðað við slíka vísitölu. Teljum við, flutningsmenn þessarar tillögu, einnig eðlilegt, að í sambandi við rannsókn þá, er hér er um að ræða, sé einnig athugað, hverjir möguleikar væru á útreikningi slíkrar vísitölu og hvort hugsanlegt væri, að kaupgjald yrði að einhverju eða öllu leyti við hana miðað. Að sjálfsögðu yrði um slíkt að hafa fullt samráð við hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, enda er gert ráð fyrir því, að fullt samráð sé við þau höfð um fyrirkomulag og framkvæmd þessarar rannsóknar.